Félag háskólakennara á Akureyri

Fundargerð

Aðalfundur FHA haldinn 19. maí 2026 kl. 12:00

Í stofu N102 og á Teams

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður FHA setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Hún lagði til að Guðmundur Kristján Óskarsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Þá var lagt til að Auðbjörg Björnsdóttir yrðir fundarritari og var það samþykkt samhljóða. Alls voru 36 félagsmenn mættir á fundinn.

Fundarstjóri fór yfir fyrirkomulag fundarins. Óskað var eftir málum undir önnur mál. Engar tillögur komu fram. Þá var gengið til formlegrar dagskrár.

1. Fundargerð síðasta aðalfundar
   Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið á heimasíðu félagsins. Hún var samþykkt með einni athugasemd frá Guðrúnu Rósu Þórsteinsdóttur: Þriðji liður endurskoðaðir reikningar. Í stað setningarinnar: *Einnig kom fram fyrirspurn hvort ekki væri hægt að sjá með hvaða hætti launakostnaður félagsins skiptist niður á verkefni stjórnar FHA* yrðir setningin: *Einnig kom fram beiðni um að stjórn félagsins birti sundurliðun á launa- og fundakostnaði félagsins*. Engar athugasemdir komu við þessa breytingu.

2. Skýrsla stjórnar
   Fundarstjóri gaf Hjördís Sigursteinsdóttir, formanni FHA, orðið til að lesa upp ársskýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2025-2026. Skýrslan er á heimasíðu FHA.

   Umræður um skýrslu stjórnar.
   Umræður urðu um fyrirkomulag varðandi trúnaðarmenn félagsins, fundargerðir stjórnar FHA, birtingu aðalfundargerðar , ársreiknings og skýrslu stjórnar á heimasíðu félagsins og fundargerðir almennra félagsfunda. Hjördís Sigursteinsdóttir formaður stjórnar FHA svaraði spurningunum.

   Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir vildi láta bóka undir þessum lið eftirfarandi: *Mig langar að leggja til að fundargerðir stjórnar verði skýrari hvað varðar niðurstöður mála, þannig að það komi fram hvað er ákveðið en ekki bara hvað er rætt. Ég legg einnig til að ársreikningur og skýrsla stjórnar verði birt á heimasíðu félagsins eftir aðalfund. Ég vil líka benda á að fundargerðir almennra félagsfunda hafa ekki verið birtar þar um langt skeið. Þetta er fyrst og fremst beiðni um að auka gegnsæi.*

3. Endurskoðaðir reikningar fyrra starfsárs lagðir fram og skýrt frá fjárhag félagsins. Starfs- og fjárhagsáætlun lögð fram vegna nýhafins starfsárs.
   Fundarstjóri gaf Ásu Guðmundardóttur, gjaldkera félagsins, orðið og kynnti hún ársreikninginn og skýrði frá fjárhag félagsins.

   Rekstrarreikningur félagsins árið 2025 sýni hagnað upp á kr. 1.833.636. Laun og fundarþóknanir ásamt launatengdumgjöldum námu kr. 11.789.997. Eignastaða félagins er góð og nemur handbært fé í árslok kr. 18.117.358. Skoðunarmenn félagsins hafa samþykkt og undirritað ársreikninginn.

Umræður um ársreikninginn:
Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á því að koma með spurningar um ársreikninginn. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir vildi láta bóka eftirfarandi undir þessum lið: *Ég óska eftir sundurliðun á fundarkostnaði félagsins sem yrðu í skýringum ársreiknings þar sem hægt væri að sjá kostnað vegna aðalfundar, félagsfunda, stjórnarfunda, samningafunda osv. frv. til að auka gegnsæi um hvernig fjármunum félagsins er varið.*

Starfs- og fjárhagsáætlun
Fundarstjóri gaf Hjördísi Sigursteinsdóttur orðið sem skýrði frá starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

Umræður um starfs- og fjárhagsáætlun:
Óskað var eftir því að framlag vegna fræðslu- og greiningarsjóðsins verði sett fram með skýrari hætti í næstu áætlun.

4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga
   Samkvæmt lögum FHA samþykktir stjórn FHA inntöku nýrra félaga á aðalfundi félagsins. Samþykktir hafa verið 21 nýtt félagsfólk sem starfandi eru í dag, auk tveggja með aukaaðild að félaginu.

5. Ákvörðun um árgjald
   Stjórn lagði til að félagsgjöld verði óbreytt frá fyrra ári eða 0,9 % af heildarlaunum félagsmanna.

   Afgreiðsla:
   Tillaga stjórnar var samþykkt.

6. Tillögur til lagabreytinga
   Stjórn FHA barst ein tillaga að lagabreytingu.
   Lagt er til að nafn félagsins breytist og að gerðar verði viðeigandi breytingar á titli, 1. gr. og 3. gr. laga félagsins á eftirfarandi hátt:
   1. Titill laganna breytist: Úr: Lög Félags háskólakennara á Akureyri Í: Lög Félags háskólamenntaðra við Háskólann á Akureyri
   2. málsgrein 1. gr. breytist: Úr: Félagið heitir Félag háskólakennara á Akureyri. Í: Félagið heitir Félag háskólamenntaðra við Háskólann á Akureyri.
   3. málsgrein 3. gr. breytist: Úr: Félagsmenn í Félagi háskólakennara á Akureyri geta orðið... Í: Félagsmenn í Félagi háskólamenntaðra við Háskólann á Akureyri geta orðið...

   Umræður um lagabreytinguna:
   Umræður urðu um nýtt heiti félagsins og hvaða heiti væri best að nota. Eftir þó nokkrar umræður var ákveðið að skoða nafnið betur og boða til framhaldsaðalfundar á haustdögum sem hefði þennan eina lið á dagskrá.

   Afgreiðsla:
   Tillaga um að boða til framhaldsaðalfundar um þessa lagabreytingu var samþykkt samhljóða.

7. Kosning stjórnar og formanns
   Fundarstjóri upplýsti að eftirfarandi framboð höfðu borist fyrir aðalfund:

Formaður:
Hjördís Sigursteinsdóttir

Aðalmenn:
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Stefán Guðnason

Varamenn:
Heiða Kristín Jónsdóttir
Valgerður Ósk Einarsdóttir

Fundarstjóri spurði hvort fleiri vildu bjóða sig fram. Engin mótframboð bárust.

Afgreiðsla:
Hjördís Sigursteinsdóttir var sjálfkjörinn formaður til eins árs. Ingibjörg Guðmundsdóttir og Stefán Guðnason voru sjálfkjörin í stjórn félagsins til næsætu tveggja ára. Heiða Kristín Jónsdóttir og Valgerður Ósk Einarsdóttir voru sjálfkjörnar sem varamenn í stjórn félagsins til eins árs.

Kjörið var samþykkt með lófataki fundargesta.

8. <u>Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings</u>
Fundarstjóri upplýsti að eftirtaldir buðu sig fram sem skoðunarmenn ársreiknings FHA:

Fjóla Björk Karlsdóttir
Hólmfríður Lilja Birgisdóttir

Fundarstjóri spurði hvort fleiri vildu bjóða sig fram. Engin mótframboð bárust.

Afgreiðsla:
Fjóla Björk Karlsdóttir og Hólmfríður Lilja Birgisdóttir eru sjálfkjörnir skoðunarmenn ársreikninga FHA til eins árs.

9. <u>Kosning samninganefndar/Samstarfsnefnd</u>
Fundarstjóri upplýsti að eftirtaldir buðu sig fram í samninganefnd FHA:

Formaður:
Hjördís Sigursteinsdóttir

Aðrir:
Auðbjörg Björnsdóttir
Guðmundur Kristján Óskarsson

Fundarstjóri spurði hvort fleiri vildu bjóða sig fram. Engin mótframboð bárust.

Afgreiðsla:
Hjördís Sigursteinsdóttir er sjálfkjörinn formaður samninganefndar FHA til eins árs. Auðbjörg Björnsdóttir og Guðmundur Kristján Óskars eru sjálfkjörin í samninganefnd FHA til eins árs.

10. Önnur mál
    Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fundarstjóri gaf formanni orðið. Formaður þakkaði fyrir kjörið og áframhaldandi traust til sín og nefndi jafnframt hugmyndir um breytt fyrirkomulag varðandi kosningar til stjórnar og hversu lengi embættin ættu að starfa. Formaður sleit fundi kl. 13:30

Fundarritari: Auðbjörg Björnsdóttir